

LÖG
um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk
með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018
(reglugerðarheimild).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 8. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um stoðþjónustu í reglugerð, svo sem um aðstoðar-
mannakort fatlaðs fólks og fæðisfé starfsfólks sem matast með notanda.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 40. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd laga þessara, þar á meðal
um:

- stoðþjónustu, sbr. 8. gr.,
- stuðningsfjölskyldur, sbr. 15. gr.,
- frístundaþjónustu, sbr. 16. gr.,
- framkvæmd styrkveitinga, sbr. 25. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. maí 2024.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.